

## Kynfræðsla

Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og aðrir gestir. Ég heiti Eydís Glóð Guðlaugs Drífudóttir og er ég fulltrúi félagsmiðstöðarinnar Arnardals í ungmennaráði akranes. Eins og þið flest vitið var haldið barna og ungmenna þing Akranes og ætla ég að fjalla um eitt af þeim málefnum sem mikið var rætt sem er kynfræðsla í grunnskólum.

Ungt fólk á grunnskólaaldri hefur óskað eftir meiri kynfræðslu. Kynfræðsla í skólum hér á Akranesi fer yfirleitt fram í þemaviku sem kallast vika sex. Þótt það sé jákvætt er það ekki nóg, bæta þarf í og kenna kynfræðslu jafnt og þétt yfir skólaárið.

Ungmenni þurfa á góðri kynfræðslu að halda svo þau séu vel upplýst og örugg í þessum málum. Sérstaklega þar sem kynþroskinn á sér stað í unglingsáldri og á þeim tíma vakna ýmsar spurningar.

Sum málefni kynfræðslu þarf að taka oft en einu sinni fyrir. Það er vegna þess að það þarf að minna unga fólk á hlutina og eins og við vitum þá þroskast allir mishratt. Við unga fólk verðum að geta sótt okkur upplýsingar jafnóðum, eftir því sem þroskanum vindur fram. Öflug kynfræðsla hjálpar líka með samskipti kynjanna en það gerist þó bara ef kynin fá sömu fræðslu. Kynfræðsla er oftast kennd kynjaskipt; stelpur í einni stofu og strákar í annarri. Þó að það hafi sín vandamál með tilliti til skilgreiningar á kyni sem mikið hefur verið í umræðunni, er samt mikilvægt að það sama sé kennt í báðum stofum. Strákar þurfa að læra um líkama stúlkna og stúlkur um líkama stráka.

Á barna og ungmennapingi Akraness kom upp sú spurning hvort háskólar mennti kennara sérstaklega í þessu fagi. Ef svo er ekki má athuga hvort hægt sé að fá inn aðila sem eru menntaðir í faginu ýmist til að aðstoða við kennslumótun, eða kennsluna sjálfa.

Því það er mikilvægt að hafa sérfræðikunnáttu þegar kennsla er undirbúin. Kynfræðsla ætti ekki að vera byggð á viðhorfi og skoðunum eins einstaklings heldur á faglegum grunni. Þessi menntun mótar og fylgir okkur í gegnum lífið og því eðlileg krafa að vandað sé vel til verka.

Takk fyrir.